

Fjárlaganefnd Alþingis

Akureyri, 30. apríl 2017

Minnisblað vegna fundar með fjárlaganefnd 26. apríl vegna fjármálaáætlunar 2018-2022

Í framhaldi af fundi af hálfu Eypings með fjárlaganefnd miðvikudaginn 26. apríl er hér lagt fram minnisblað með þeim atriðum sem Eyping, samband sveitarfélag í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, leggur áherslu á.

Sóknaráætlanir landshluta

Sóknaráætlanir hafa sannað sig sem öflugt verkfæri í byggðamálum. Mikilvægt er að stjórnvöld hviki ekki frá því verklagi sem í þeim felst. Skorað er á ríkisvaldið að tryggja fjármagn til framtíðar en framlög til sóknaráætlana landshluta til lengri tíma er ekki að finna í fjármálaáætluninni.

Dettifossvegur og flughlað

Eyping hefur í takt við sóknaráætlun landshlutans lagt ríka áherslu á að uppbygging Dettifossvegur verði kláruð auk þess sem tryggt verði fjármagn í flughlað á Akureyrarflugvelli. Þessar framkvæmdir eru lykilatriði í uppbyggingu innviða ferðaþjónustu á Norðausturlandi. Þá er mikilvægt að tryggt verði fjármagn til viðhalds flugvalla innanlands.

Orkumál

Eyping leggur þunga áherslu á að ástand í orkumálum á Norðurlandi eystra er grafalvarlegt. Ráðast verður í stóratök í endurnýjun og styrkingu dreifikerfis raforku til að bæta samkeppnisstöðu atvinnulífs í landshlutanum.

Samgöngur

Verulegur samdráttur hefur verið í uppbyggingu og viðhaldi vegakerfisins á liðnum árum og mikilvægt að auka fjármagn til viðhalds og uppbyggingar eins og orðað er í fjármálaáætluninni. Áframhaldandi uppbygging og viðhald vegakerfisins á landsbyggðinni er lykillinn að innviðaupbyggingu landsbyggðarinnar. Sérstaklega vill Eyping benda á að fyrir löngu er orðið brýnt að koma uppbyggingu vegar um Langanesströnd og Brekknaheiði með bundnu slitlagi inn á framkvæmdaáætlun.

Almenningssamgöngur

Bæta þarf rekstrarskilyrði almenningssamgangna. Tryggja þarf nægt fjármagn til verkefnisins en framlög ríkisins hafa lækkað verulega að raungildi, ásamt því sem Eyping líkt og önnur landshlutasamtök hafa orðið fyrir tekjuskerðingu vegna þess að einkaréttur þeirra til aksturs á tilteknum leiðum hefur ekki notið verndar. Skorað er á ráðherra og þingmenn að afgreiða frumvarp um almenningssamgöngur er lýtur að þessu.

Verkefnið „Ísland ljóstengt“

Eyþing fagnar því að gert er ráð fyrir að fjármagna verkefnið Ísland ljóstengt og leggur mikla áherslu á að hvergi verði hvikað frá þeim áformum.

Menntamál

Lögð er áhersla á að Háskólinn á Akureyri fái aukið fjármagn til starfsemi sinnar en Háskólinn hefur skipt verulegu máli fyrir byggðapróun í landinu og sérstaklega á svæði Eyþings. Jafnframt er skorað á stjórnvöld að tryggja fjármagn til þess að hægt verði að bjóða sem fyrst upp á nám í tæknigreinum við skólann en ekki verður séð að fjármagn sé til í fjármálaáætlun til viðgangs og vaxtar skólans.

Heilbrigðismál

Vegna þeirra áforma sem eru um uppbyggingu Landspítalans er mikilvægt að styrkja jafnframt starfsemi Sjúkrahússins á Akureyri með byggingu nýrrar legudeildar og efla aðra heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni. Jákvætt er að gert er ráð fyrir fjárheimild til þarfagreiningar vegna nýrrar legudeildar Sjúkrahússins á Akureyri en mikilvægt er að henni verði hraðað og fjármagn í framhaldinu tryggt til uppbyggingar.

Tryggingagjald

Minnt er á áform um lækkun tryggingagjalds í fjármálaáætluninni en mikilvægt er að hraða ferli lækkunar en hækkun tryggingagjalds á sínum tíma í kjölfar hrunsins var ætlað til að mæta skuldbindingum vegna atvinnuleysisbóta. Með minnkandi atvinnuleysi hafa skapast forsendur til lækkunar á tryggingagjaldi sem skiptir miklu í rekstri sveitarfélaga sem eru stórir launagreiðendur.

Málefni aldraðra – samskipti ríkis og sveitarfélaga – daggjöld


Helstu áskoranir samfélagsins á næstu árum tengjast breyttri aldurssamsetningu þjóðarinnar og fjölgun aldraðra. Mikilvægt er að mótuð verði skýr stefna í málflokknum og aðkoma ríkis og sveitarfélaga skilgreind. Fyrir liggur að hallarekstur er á rekstri hjúkrunarheimila og mikilvægt að daggjöld verði hækkuð til að mæta launahækkunum og auknum kröfum til þjónustunnar.

Af hálfu Eyþings mættu á fundinn:

Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður stjórnar

Eiríkur H. Hauksson stjórnarmaður

Fyrir hönd stjórnar Eyþings,



Pétur Þór Jónasson
framkvæmdastjóri